

STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN KVÍSLARSKÓLA

Starfsþróunaráætlun

Frumkvæði starfsmanna, metnaður og árvekni í fræðslu og starfsþróun er lykill að árangri. Í skólanum er stefnt að því að starfsmenn eigi kost á símenntun innan sem utan stofnunar þar sem markmiðið er að auka þekkingu og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og annarri þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

Samkvæmt 12. grein grunnskólalaga frá 2008 á hver skóli að frumkvæði skólastjóra að móta áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skólans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Í kjarasamningi kennara segir m.a. um starfsþróun og starfsþróunaráætlun í kafla 13:

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 (126/102) klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 150 (126/102) klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Framkvæmd starfsþróunar veturinn 2022 - 2023

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun sem nær að lágmarki til næsta skólaárs og skulu drög að henni kynnt kennurum í síðasta lagi 1. janúar ár hvert vegna næsta skólaárs. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetrar á grundvelli sjálfsmats skóla. (Kjarasamningur KÍ 2017)

Öðrum starfsmönnum á einnig að standa til boða að sækja reglubundna þjálfun, námskeið eða annars konar fræðslu til að viðhalda og auka við þekkingu sína og færni. Gert er ráð fyrir að allar stofnanir og/eða starfseiningar setji fram

símenntunaráætlun fyrir starfsmenn sína árlega til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna. (Stamos 1. maí 2015)

Í nóvember var lögð stutt könnun fyrir alla starfsmenn þar sem þeir voru spurðir m.a. hverjir þeir teldu að ættu að vera helstu áhersluþættir varðandi sí- og endurmenntun næstu tvö árin. Þeir voru beðnir að nefna annars vegar persónulega þætti og hins vegar það sem gagnaðist skólanum í heild.

Niðurstöðurnar má sjá á myndunum hér að neðan.

Starfsþróunarþarfir/markmið	Útfærsla starfsþróunar	Ábyrgð	Lokið fyrir dags.	Hvernig fjármagnað
Að frumkvæði stofnunarinnar				
Endurmenntun 11. og 12. ágúst Fræðsludagurinn	Fræðsludagskrá + fæðslusviðs Mosfellsbæjar.	Skólastjóri	12. ágúst 2022	Skólinn
	Val um námskeið á fræðsludegi Mosfellsbæjar.	Skólastjóri	23. sept. 2022	Skólinn
Jafningjamat	Kennari skoði kennslu annars kennara innan skólans.	Kennari	2x á hvorri önn	Parfnast ekki fjármagns
Starfendarannsókn	Kennari skoði starf sitt með markvissum hætti og gerir tillögur fyrir sjálfan sig að breytingum, nemendum til góðs.	Kennari	Fyrir febrúar 2023	Parfnast ekki fjármagns
Að frumkvæði starfsmanna (ákveðið í fyrsta starfsmannasamtali að hausti)				